

# Rökstuðningur valnefndar Varðliða umhverfisins

Verkefnasamkeppnin Varðliðar umhverfisins er samstarfsverkefni umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins, Landverndar og Miðstöðvar útivistar og útináms. Markmið keppinnar er að hvetja ungt fólk til góðra verka í umhverfisvernd, vekja athygli á sýn ungs fólks á umhverfismálum og valdefla yngri kynslóða á því sviði.

Samkeppnin er opin öllum nemendum í 5. – 10. bekk grunnskóla hér á landi.

Varðliðar umhverfisins 2024 eru nemendur í 10. bekk Árbæjarskóla og hljóta þeir viðurkenninguna fyrir vel útfært umhverfisverkefni um sjálfbæra þróun.

Það er fastur liður í skólastarfi Árbæjarskóla að 10. bekkir vinna viðamikil verkefni um umhverfismál og sjálfbæra þróun. Allar kennslustundir í náttúru – og samfélagsgreinum, auk dönsku, eru nýttar í verkefnið.

Nemendur velja sér ákveðið viðfangsefni sem tengist umhverfismálum. Rannsaka það, skoða áhrif þess á lífsgæði manna, dýra og náttúru. Þeir setja saman fróðleiksmola um málefnið, finna lausnir sem stuðla að sjálfbærri þróun og tengja málefnið við ákveðið Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna. Fróðleiksmolar nemendanna vekja okkur til umhugsunar og hvetja til frekari vitundarvakningar á umhverfismálum innan skóla sem utan.

Framsetning verkefnanna er mjög áhrifarík, litrík, listræn og hrífandi fyrir skilningarvitin.

Það er mat valnefndar að verkefni Árbæjarskóla hvetji nemendur til að skoða hvernig hægt sé að stuðla að sjálfbærri þróun. Nemendurnir kafa djúpt ofan í viðfangsefnið, rýna heimildir og kynna sér efnið á gagnrýnan hátt. Þeir útbúa skapandi og fræðandi verkefni, kynna fyrir nemendum, starfsfólki og gestum skólans.

Að nemendur auki skilning á viðfangsefnum sjálfbærrar þróunar er undirstaða og jafnframt fyrsta skref í átt að jákvæðum breytingum í umhverfismálum.

Það má segja að nemendur 10. bekkja Árbæjarskóla hafi með verkefnum sínum tekið fyrstu skóflustunguna á vegferð sinni sem varðliðar umhverfisins.

Fulltrúar þeirra sem standa að keppninni skipa valnefnd verkefnasamkeppinnar og var hún að þessu sinni skipuð þeim Önnu Sigríði Einarsdóttur, frá umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu, Önnu Kristínu Bang frá Miðstöð útivistar og útináms og Sigurlaug Arnardóttur frá Landvernd.